# Bréf og skjöl fátækramála 1909-1910

Aðfnr. 1018, örk 14

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Völlum 11/11 1909.

Herra Hallgrímur Hansson.
Með brjefi dagsettu 8. þ. m. ferðu þess á leit, við hreppsnefnd Kjalarneshrepps, að hún veiti þjer styrk, af framfærslusveit þinni, uppá væntanlegt endurgjald.
Eftir fátækralögonum verður þú að snúa þjer að dvalarsveit þinni, Reykjavíkurbæ og fá styrkinn hjá henni, uppá væntanlegt endurgjald frá framfærslu sveit þinni.

Virðingarfyllst
Jónas Sigurðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Borgarstjórans í

Reykjavík

Stefán Pétursson í
Ráðagerði er áreiðanlega
Reykjavíkurbæjar, hann
er fátækur og þarf
víst hjálpar; við erum
honum vel kunnugir
um lengri tíma, hann
heldur barn meðgjafar
laust líka, sem var í
bænum enda þótt að
bærinn sje ekki skyldur
nú að gefa með því þá
er það honum til þyngdar
jeg legg því til að
honum sje hjálpað.

[illegible]

Þórður Narfason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

p. 14/11 Tekin ábyrgð á legukostnaði
Valgerðar Sigurlínu Bjarnadóttur
á
sveitfesti í Kleifarhreppi í
Vestur-Skaptafellssýslu

Heimta allan kostnað
endurgoldinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíku

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909 þ. 24. nóv. átti fasteignarnefndin fund með sjer, allir nefndarmennirnir á fundi. Gjörðist þá það er hjer segir. -

1°

Var tekin ~~til~~ ný til athugunar beiðni Þórhalls biskups Bjarnarsonar um að fá á erfðafestu c. 5 dagslátta úr Vatnsmýrinni, áfast við erfðafestuland hans, og var jafnframt lagt fram kort af öllu landi hans. Sýnir kort þetta, að hin fyrirhugaða hringbraut um bæinn að eins snertir horn af landi því, er hann nú biður um, og að það líka liggur fyrir utan fyrirhugaðs skemmtigarðssvæði. Nefndin endurtekur því tillögu sína frá fundi 5. f.m., að umsækjanda verði veitt hið umbeðna land á erfðafestu og sje ræktunartíminn 4 ár, að meðtöldu girðingarárinu. -

2°

Jón Zoëga biður um að fá á erfða-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

festu c. 8 dagsláttur úr Kringlu-
mýrinni, sunnanvert við vatns-
veituveginn, næst Rauðarárholti.

Nefndin mælir með því, að
honum verði veitt á erfðafestu
með hinum nýju skilmálum
á tilgreindum stað 2 hektara,
jafnhliða ferhyrningur, og sje
ræktunartíminn 5 ár, að með-
töldu girðingarárinu. –

3.

Einar Jónsson og Hannes Hannes-
son biðja um að fá land til
ræktunar sunnan til við Óðins-
götu. Nefndin leggur til að beiðni
þessari verði synjað. –

4.

Erindum frá Guðmundi Guðmunds-
syni, Jóhannesi Magnússyni, Sig-
urði Þorkelssyni og Þorláki Halldórssyni
~~um að fá l~~ og Þorsteini Einars-
syni um að fá land til ræktunar
var vísað til bæjarverkfræðingsins
til rannsóknar og kortgjörðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ávísast 40 kr

Þar sem jeg er atvinnulaus og hef 6 börn sitt á hverju árinu, fista er 7 ára annað 6 ára þrijðja 5 ára fjórða 4 ára fimta 2 ára og sjötta á fistárinu, sje jeg mjer ekki annað fært en að biðja hena háttvirtu. Fátækranefnd. Reykjavíkur, að gjöra svo vel og hjálpa mjer um 80 til 100 krónur, en þó legg jeg það í vald nefndarinnar hvað hún gjörir í þessu efni, jeg ~~[illegible]~~ býðst til að borga það sem jeg fæ smátt og smátt eða eftir því sem hægt verður, 20 til 30 kr strags og jeg hef ráðið mig.

Reykjavík 7/12. 1909.

Virðingarfilst

Erlendur Guðmundsson. Gíslholti

Til. Borgarstjórans
í Reykjavík

127

f. Rvk 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samþ. að gefa 10 kr. mánaðarlega fyrst um sinn. v. rannsókn.

Reykjavík 8 des 1909.

Hér með tilkynnist hinni heiðruðu Fátækranefnd Reykjavíkur að ég undirritaður hef til fósturs sveinbarn að nafni Svavar, 2½ árs foreldrar Kristján J. Buch og Guðrún Jónsdóttir.
Þar eð nú hvorugt foreldranna getur gefið með barninu umsamið meðlag (eða neitt meðlag) verð ég að leyfa mér að fara þess á leit við Fátækranefndina að hún sjái um greiðslu á meðlaginu.
Umsamið meðlag með barninu var Kr. 13,00 um mánuðinn, og er ég fús á að slaka nokkuð til á því ef Fátækranefndinni þykir ekki takandi í mál að halda því óbreyttu.

Virðingarfyllst

Ingvar Þorsteinsson
bókbindari
Laugaveg 38.

Til
formanns
Fátækran. R.víkur.

á Reikn. 126/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

[illegible] gefið til Janúar

Reykjavík 3 Nóvember 1909

Herra Árni Jónsson

jeg er knúður til að biðja
yður að göra svo vel, og færa
í tal við Borgarstjórann að
eg fái stirk til að borga
Húsaleiguna því eg á ekki
hægt með það sjálfur nú sem
stendur, hún er að upphæð
10. krónur fyrir mánuðinn
eg treisti yður til að göra það
sem fyrst því jeg á að vera
búinn að borga fyrir október
síðast liðinn mjer er sama
hvort þjer hefður borgið
Sigurjóni Ólafssyni

Snikkari [illegible]

F. Rvk. 129/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nýjar
um þessa uppteiad handa
honum, enn með Guðshjálp
ætla eg að reina að vinna
fyrir heimili mínu.
Eg treisti yður til hins
bezta
Með Virðingu
Ari Hermann Ólafsson
við Njállsgötu nr. 40. B.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Veitt Jafnt til rannsóknar.

Hjer með leyfi eg mjer virðingar-
fyllst að biðast þess að heyðraða Fátækra
nefnd vildi svo vel gjöra að veyta mjer styrk
til Lífsbjargar. ástæður mínar eru mjög
bágar. Eg á konu og 4 börn Elst á 6 ári
ýngst á 1 ári. konan lá veik syðast liðið
sumar í 9 vikur. og varð eg þá að taka
kvennmann til að stunda hana og heymilið
á meðan sem mjer varð kostnaðar samt
nú í vetur hef eg verið atvinnulaus. og af
því er því með öllu bjargarlaus Eg verð að
borga þunga húsaleigu. sem eg er nú í
vandræðum með eins og með bjargræði
Eg tek ekki til neyna upphæð því eg þykist
vera viss um að nefndin sjái hvað sannsýni-
legt er Eptir þeim ástæðum sem eg hefi byst
Eg óska að mjer veytist þessi beyðni mín
og það sem eg mætti fá mætti reiknast frá
1 Desember

virðingarfyllst

Kárastíg 3. 8 Desember 1909

Guðjón Guðmundsson

F. Rvk
128/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Synjað fyrst um sinn og Á. E. falið til [illegible]

Gamalmennið Jórunn Bjarnadóttir, sem er er á 84. aldursári, steinblind, hefir nú hátt á 3. ár verið hjá mjer gegn 15 króna mánaðalegu meðlagi af fátækrasjóði. En með því að hún á síðastliðnu sumri lá um tíma mikið veik, og hún eðlilega er æ hrumari og þyngri og þyngri ómagi, get jeg eigi lengur haldið hana fyrir sama meðlag, og leyfi mjer því virðingarfyllst að fara þess á leit við hina háttvirtu fátækrastjórn að hún frá byrjun þessa mánaðar hækki meðlagið með gamalmenni þessu upp í 20 krónur á mánuði af fátækrasjóði, sem svarar því sem næst 65 aurum á dag, en fyrir minna meðlag get jeg alls ekki lengur haldið nefnda Jórunni Bjarnadóttur.

Skólavörðustíg 45 í Reykjavík, 3. desember 1909.

Virðingarfyllst.

Jón Bjarnason.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík

Rvk. 13/ 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Synjað -

Eg undirskrifaður leyfi mér að fara þess á leit við hina heiðruðu fátækranefnd Reykjavíkur-kaupstaðar, að hún hækki að minsta kosti um 6 krónur á mánuði ómagameðlag með gamalmenninu Sigurði Þorkelssyni, sem hjá mér er niðursetningur. Honum hefir nú hnignað svo að heilsu, að hann hefir legið rúmfastur síðustu þrjár vikurnar og er því ennþá þyngri ómagi heldur en áður, meðan hann hafði fótavist og þolanlegri heilsu.

Laugaveg 18. Rvík
2. des. 1909

Virðingarfylst

Bjarni Magnusson

Til

fátækranefndar Reykjavíkur-kaupstaðar.

f. Rvk. 130/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vísað til bráðabyrgða 20 kr. — Ammunda og Arna falið til rannsóknar. —

Jeg neyðist hjer með til að láta hina heiðruðu fátækranefnd Reykjavíkur vita, að jeg og börn min höfum liðið skort hvað matbjörg og annað lífsviðurværi snertir, undanfarnar vikur. Við höfum lagt þetta á okkur í því trausti að eitthvað mundi úr því raknа, en þar sem hagur okkar fer þvert á móti, þá neyðist jeg til að biðja um lán af bæarsjóði Reykjavíkur alt að 35 krónum á mánuði, í viðbót við það sem nú er fengið sem eru 20. krónur. svo jeg og börn min þurfi ekki missi heilsuna eða annað meira. Jeg vænti góðra undirtekta og óska eptir fljótum úrskurði.

Reykjavík 2. Desember 1909

Eyríkur Jónsson

Skólavörðustíg 12

Júlia A. Árnadóttir Hans. Kona

F. Bоh ... 13/12 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigurbjörn Sigurðsson á Laugavegi 27. þarf að flytjast á spítala. Brjóstveikur.

Rvk 7/11 1909

Guðm. Hannesson

Æfiferilskýrslu þarf.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frestað til næsta fundar

Með brjefi þessu vil eg leyfa mjer virðingarfyllst minnast á við hina Heiðruðu Fátækranefnd hvort Ekki væri mögulegt að eg geti eða mætti fá meðlag með Fósturbarni mínu Sigríði Stefaníu Ottesen sem hefur verið hjá mjer síðan hún var tveggja vikna gömul nú er hún á fjórða ári fyrst gaf móðir barnsins með því frá í marts mánuði til sýðasta Agúst fyrsta árið og þar næst fjekk ~~þa~~ eg af Fátækrasjóð þar til barnið var Eins ársgamalt þa sagði Formaður nefndarinnar að þeir gætu Ekki gefið með því leingur svo eg þóttist Ekki meiga nefna það meir í það sinn svo eg hef Ekkjert feingið með þessu barni hátt þriðja ár. Nú er það bón mín að nefndin vildi veita mjer meðlag með barninu mánaðarlega að tiltölu Eptir því sem gefið er með börnum um árið Eg vona að það verði samþykkt þar eg er Ekki svo Efnum búin að Eg geti haldið það meðgjafarlaust framvegis og vona að eg fái svar uppá beiðnina við fyrsta tækifæri og ef nefndin gefi samþykki sitt þar til vildi eg óska að það mætti reiknast frá fyrsta Desember ef mögulegt væri

Virðingarfyllst

Grettisgötu 47 8 Desember 1909

Stefán Agúst Guðmundsson

F. Rvk. 133

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 2/12 - 09

Hæstvirta fátækranefnd!

Eg er neyddur til að skrifa yður, út af sveitarómaga sem ég hef Inger Dagbjört Jóhönnu Magnúsdóttir, kringumstæðurnar kreppa svo að mér, ég hef tapað sumar kaupi mína og er atvinnulaus í vetur, þessvegna þykir mér það ekki órétt, þó ég fari fram á fult meðlag með barninu, svo barninu geti liðið vel hjá mér, eða að öðrum kosti skaffið þið henni góðan stað, en samt óska ég heldur eftir að mega hafa barnið.

Virðingarfylst
Helgi Stefánsson
Bergstaðarstig 35
Reykjavík

136

F. Borgr. ráð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi eg mjer virðingar fyllst að fara bónarveg til hinnar Heiðruðu Fátækranefndar að mjer mætti veitast styrkur með föður mínum Jóni Jónssyni áður í Lindarbæ sem nú er orðin mjög þungur ómagi. og ástæður mínar mjög Erviðar Eins og kunnugt er þar maðurinn minn Liggur á Spítalanum Eg þarf Ekki að tiltaka upphæð styrksins Eg fel það á vald nefndarinnar og veit að hún láti styrkinn verða svo sanngjarnlega útilátin sem nauðsinlegt sínist þurfa að vera

virðingarfyllst

Laufásveg 27 – 24 November 1909

Sigríður Jónsdóttir

L. Rvk. 135 / 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sökum þess að faðir minn Sigurður
Sigurðsson sem er orðin alveg blindur
var fluttur að sunnan til mín til veru
alfarið. En sjálfur eg mjög illa staddur
þar sem konan mín liggur á Spítalan=
um. Er eg knúður til að biðja hina Heyð=
ruðu Fátækranefnd svo vel gjöra og veyta
mjer styrk með honum. alt að 15 krónum
um mánuðinn. Ef mögulegt væri. Eg vona
að nefndin álíti að þessi beyðni mín sje
samsynileg þar sem þettað kom svona
brátt uppá mig og eg svo illa fyrirkallaður
og óviðbúinn að taka á móti honum nú
með þeim ástæðum sem fyrir eru.
Eg óska að fá svar uppá þettað við fyrsta
tækifæri því þörfin krefst þess bráðlega

Virðingarfyllst

Grettisgötu 40 9 Desember 1909
Pálmi Sigurðsson

Sveitlægur í Njarðvíkurhrepp.
engin fátækrastyrkur. 13/12 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skýrsla

um þurfalinginn Gunnar Þorberg Lárusson

1. Fullt nafn þurfalingsins Gunnar Þorbergur Lárusson

2. Fæðingardagur og ár 13. jan. 1855. –

3. Fæðingarstaður Smiðsholt í Reykjavík

4. Framfærslusveit hans þá er hann varð 16 ára gamall? Reykjavíkurkaupstaður

5. Giptur hvar og hvenær? Á Seyðisfirði 17. september 1899. –

6. Nafn konunnar, hvenær hún sje fædd og hvar? Sigríður Guðríður Ólafsdóttir fædd á Bessastöðum í Miðfirði

7. Barnafjöldi og aldur þeirra Eiga ekkert barn saman, en konan á 1 barn á 16ta ári. –

8. Æfiferill þurfalings eptir 16 ára aldur. Var fyrstu 3 árin vinnumaður á Valdastöðum í Kjós, þaðan fluttist hann að Seli við Reykjavík og var þar 1 ár vinnumaður; þaðan að Hliði á Alptanesi og dvaldi þar 5 ár, svo þaðan að Seli við Reykjavík og var þar 1 ár; svo fluttist hann að Bjarnastöðum á Alptanesi, og var þar í 1 ár; þaðan að Hliðsnesi í s. hr. og dvaldi þar 1 ár, svo þaðan í Grímsnes: fyrst að Fossi og var þar 3 ár og þaðan að Klausturhólum í sömu sveit og var þar 3 ár; svo þaðan að Ullastöðum í Hraunum og var þar 3 ár; svo þaðan að Hliði á Alptanesi og var þar 3 ár; þaðan að Nesi á Seltjarnarnesi og var þar 2 ár; svo þaðan að Barkarstöðum í Miðfirði og var þar 1 ár; og þaðan að Söndum í sömu sveit og var þar 1 ár; þaðan á Seyðisfjörð og var þar 4½ ár, svo fór hann af Seyðisfirði til Ísafjarðar og var þar 4½ ár, og svo þaðan hingað til Hafnarfjarðar, og hefur dvalið hér síðan, eða [illegible]

Rvík 13/7 [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Hvort og hvenær hann hafi þegið sveitarstyrk fyrir sig eða þá, sem hann er skyldur að framfæra að lögum, og hvort styrkurinn sje endurgoldinn? Aldrei þegið sveitarstyrk.

10. Hvort hann hafi lært nokkra handiðn? Enga. —

11, Hvernig heilsufari hans sje háttað? Heilsa mjög góð. —

12. Hvaða atvinnu hann hafi nú, er styrks er beiðzt? Enga. —

13. Hve mikið hann hafi á viku (á mánuði)? Ekkert.

14. Hvernig heilsufari konunnar sje háttað? Heilsutæp. —

15. Hvort hún vinni fyrir nokkru? Engu. —

16. Hvort börnin geti unnið fyrir sjer að einhverju leyti? —

17. Aðrar heimilisástæður þurfalingsins —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Hvers vegna hann er orðinn styrksþurfandi? Atvinnuleysi

19. Hvaða eigur þurfalingur eigi. Engar utan rúmfatnað og íveru fatnað. Borð og kista.

20. Hvaða matbjörg hann eigi. Lítið eitt af soðmeti (brauð)

Að skýrsla þessi sje rjett og sönn í alla staði, vottast hjermeð undir eiðs tiboð.

Gunnar Þ. Lárusson

(Nafn þurfalings).

Framanritaða skýrslu hef jeg tekið í dag í viðurvist undirskrifaðra votta, og votta jeg að skýrslan er rjett bókuð eptir framburði þurfalingsins.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði 19 nóvbr. 1909.

Magnús Jónsson

~~hreppstjóri.~~

Vottar:

Sig. Kristjánsson

Jón Þ. Bergmann

Skýrsla þessi skal tekin áður en utansveitarþurfaling er veittur styrkur, — nema styrksþörfin sje svo brýn, að til þess fáist ekki svigrúm, en þá svo fljótt sem unnt er. Skýrslan skal gefin

a. af manninum sjálfum, ef hjón verða þurfandi og til hans næst; að öðrum kosti af
b. konunni.
c. Ef um einhleypar persónur er að ræða af þurfaling sjálfum; og
d. ef um börn innan 16 ára er að ræða og hvorugt foreldra er innsveitis, eða þau eru dáin, af þeim mönnum nærstöddum, sem helst þekkja til.

Sje skýrslan eigi tekin á löglegan hátt, eða svo fljótt og svo fullkomin sem unnt er, þá missir hlutaðeigandi sveitarfjelag rjett til endurgjalds á styrknum, sjá 64 og 65 gr. fátækralaganna sbr. og 66. gr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sveitfesti.

BÆJARFÓGETINN Í HAFNARFIRÐI

20. nóvbr. 1909. –

Jafnframt því að láta hér með fylgja skýrslu um æfiferil þurfalings Gunnars Þorbergs Lárussonar, er samkvæmt tilkynningu fátækranefndar Hafnarfjarðarkaupstaðar, hefur í gær verið veittar 50 kr. styrkur af bæjarsjóði, skal eg mælast til þess, að þér, herra borgarstjóri, sem fyrst sendið hingað viðurkenningu fátækranefndar Reykjavíkur fyrir sveitfesti manns þessa, og annist um að 2/3 hlutar hins út-

J. Rob.

137/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lagða fátækrastyrks verði
endurgoldinn bæjarsjóði Hafn-
arfjarðar. –

Magnús Jónsson

Til
Borgarstjórans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur